

## Námsáætlun | Heimilisfræði | veturinn 2020-2021

**8. bekkur – 2 klukkustundir á viku, hálfan veturinn**

**Kennarar: Guðrún Þóra Hjaltadóttir og Sesselja Tómasdóttir**

### Kennslutilhögun

Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Eldhúsið, umgengni, þrifnaður, vinnu-uppskriftabók.</li> <li>- Bollur, horn,úr þurrgeri, mótað í smábrauð.</li> <li>- Gluten, hnyklum prótein</li> <li>- Framandi fiskréttur, hrísgrjón, rúgskonsur</li> <li>- Ýsa með kókos og karrí, nanbrauð</li> <li>- Kleinur</li> <li>- Spaghetti fátæka mannsins</li> <li>- Einfaldur og góður pastaréttur, brauð</li> <li>- Pasta með skinkuræmum, muslibollur.</li> <li>- Pönnukökur</li> <li>- Kjúklingur, hrísgrjón, smábrauð.</li> <li>- Pitsa</li> <li>- Bakstur úr geri/lyftidufti.</li> <li>- Jólasmákökur</li> <li>- Konfekt.</li> </ul> <p><b>Næring og hollusta</b>            Hver er munurinn á þurrgeri, lyftidufti og matarsóda?            Egg, hvernig eru þau hvað geta þau gert?            Roðflettum fisk og útbúum fiskrétti.            Þjóðlegir réttir.            Hvað er pasta og hvernig sjóðum við það og matreiðum?            Hlutum niður kjúkling og útbúum kjúklingarétti.            Hreinlæti.            Matur og menning</p>		<p><b>Að nemandi geti:</b></p> <p><b>Lykilhæfni</b></p>

*Birt með fyrirvara um breytingar*

## Námsáætlun | Hönnun og smíði | veturinn 2020-2021

### 8. bekkur – 2 klukkustundir á viku, hálfan veturinn

Kennari: Ómar Örn Magnússon

#### Helstu markmið

- að nemendur verði sjálfstæðir í verki
- að efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun verkfæra
- að nemandi sé virkur í hönnunarferli, móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra.
- að efla tæknilegt innsæi og læsi nemenda á manngert umhverfi
- að nemendur geti útskýrt hugmyndir sínar með teikningu og málsettri grunnteikningu
- að tengja/sambætta námið við allar námsgreinar

#### Kennslutilhögun

Nemendur hafa nokkuð val um viðfangsefni en allir nemendur vinna skylduverkefni. Áhersla á góða umgengni í smíðastofunni og samvinnu til að vinnustaðurinn verði notalegur. Farið verður yfir öryggisatriði með áherslu á notkun hlífðarbúnaðar við vinnu. Helstu verkfæri og áhöld kynnt þannig að allir nemendur fái tækifæri til að prófa sem flest verkfæri. Nemendur og kennari vinna saman að lausn verkefna, vali á efni og mati á hvort valin verkefni séu raunhæf með tilliti til tíma, rýmis o.fl. Efnisval í hönnun og smíði tengist umhverfisþáttum og því verður leitast við að efla umhverfisvitund nemenda.

Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Nemendur vinna að einu til tveimur skylduverkefnum og hafa svo val um verkefni þess utan.	Leiðsagnarmat með áherslu á samvinnu, vinnusemi, þekkingu á verkfærum og sjálfstæð og vönduð vinnubrögð. Metið verður eftir tilteknum matsviðmiðumog færð inn á hæfnikort nemenda. Matsviðmið í hönnun og smíði, textílmenn og matreiðslu mynda grunn að lokaeinkunn í verkgreinum. Lokaeinkunnin birtist í lok 10. bekkjar.	<p><b>Að nemandi geti:</b></p> <p><b>Handverk</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- valið efni og verkfæri við hæfi og unnið á réttan og ábyrgan hátt með verkfæri</li> <li>- sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi</li> <li>- hannað og smíðað vandaða hluti með góðu handverki</li> </ul> <p><b>Hönnun og tækni</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- útskýrt hugmyndir sínar fríhendis og með málsettri grunnteikningu</li> <li>- unnið nokkuð sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað út kostnað</li> <li>- framkvæmt flóknari samsetningar t. d. samlímingu, töppun og skrufun</li> </ul> <p><b>Umhverfi</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- greint vistvæn efni frá óvistvænum og valið efni með tilliti til sjálfbærni</li> <li>- rætt möguleika á endurnýtingu hluta til að auka líftíma þeirra</li> <li>- beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og geti fjallað um vinnuvernd</li> </ul> <p><b>Lykilhæfni</b></p>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>- tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum</li> <li>- unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi</li> <li>- nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu</li> <li>- skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár</li> </ul>
--	--	--

### Námsmat við lok grunnskóla

<b>A</b>	<p>Nemandi getur skipulagt vinnu sína mjög vel og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Tjáð sig á sjálfstæðan hátt með vinnuteikningu, útfært eigin hugmyndir og unnið af öryggi eftir hönnunarferli. Greint og rætt viðfangsefni sitt á gagnrýninn hátt með rökstuðningi og notað til þess viðeigandi hugtök. Valið af öryggi og sjálfstæði efni út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint af nákvæmni frá mismunandi efnum og tækjum sem notuð eru, sýnt af öryggi réttar vinnustellingar og mjög góða umgengni.</p>
<b>B</b>	<p>Nemandi getur skipulagt vinnu sína vel og beitt nokkrum aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Tjáð sig með vinnuteikningu, útfært eigin hugmyndir og unnið eftir hönnunarferli. Greint og rætt viðfangsefni sitt og notað til þess algeng hugtök. Valið efni af sjálfstæði út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint frá mismunandi efnum og tækjum sem notuð eru, sýnt réttar vinnustellingar og góða umgengni.</p>
<b>C</b>	<p>Nemandi getur skipulagt vinnu sína nokkuð vel og beitt einföldum aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Tjáð sig á einfaldan hátt með vinnuteikningu, útfært eigin hugmyndir og unnið með leiðsögn eftir hönnunarferli. Greint og rætt viðfangsefni sitt að nokkru leyti og notað til þess algeng hugtök. Valið með leiðsögn efni út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint að nokkru leyti frá mismunandi efnum og tækjum sem notuð eru, sýnt að jafnaði réttar vinnustellingar og sæmilega umgengni.</p>

*Birt með fyrirvara um breytingar*

## Námsáætlun | Leiklist | veturinn 2020-2021

### 8. bekkur – 1 klukkustundir á viku, hálfan veturinn

Kennari: Sigríður Birna Valsdóttir

#### Helstu markmið

- að styrkja sjálfsmynd og öryggi nemenda
- að virkja hæfni nemenda í skapandi ferli í samvinnu við aðra
- að þjálfra hæfni nemenda til skapandi hugsunar og athafna
- að kynna fyrir nemendum grunnhugtök í leiklist

#### Kennslutilhögun

Í leiklistartímum er lögð áhersla á samvinnu og virðingu. Kennslan byggir að mestu á leikjum, spuna og ýmiss konar leiklistaræfingum. Lögð er áhersla á að leysa ímyndunaraflíð úr læðingi um leið og stuðlað er að tillitsemi við aðra. Gert er ráð fyrir að nemendur hreyfi sig og taki þátt í öllum tímum.

Náms-/viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
<i>Sjá hér að neðan.</i>	Beitt er símati. Nemendur fá einkunn í lok vetrarins.	<p><b>Að nemandi geti:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- unnið í hópi að einföldu leiklistarverkefni.</li> <li>- nýtt sér leikmuni, búninga og einfaldan sviðsbúnað til þess að styrkja sköpun sína.</li> <li>- nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli.</li> <li>- útskýrt spunaleikhús og tekið þátt í einföldum spuna.</li> <li>- beitt viðeigandi radd- og líkamstjáningu í stuttum leikþáttum og/ eða spuna.</li> <li>- sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.</li> <li>- tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi.</li> </ul> <p><b>Lykilhæfni</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.</li> <li>- unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.</li> </ul>

Tímabil	Efni	Verkefni
Ágúst – september		Nemendur fara í leiki og gera verkefni sem hrista hópinn saman, efla samvinnu og skapa traust. Þeir

5 tímar	Hópefli, traust og samvinna. Áhersla á að styrkja sjálfsmynd nemenda í hópnum.	munu einnig vinna með einfaldar leiklistaræfingar sem byggja á samvinnu.
Október - nóvember		Nemendur vinna með einfaldar leiklistaræfingar, leikþætti og kyrrmyndir. Nemendur þjálfra rödd, framkomu og þor í gegnum leik og spuna
5 tímar	Kyrrmyndir og einfaldar æfingar í líkamstjáningu, framkomu og raddbeitingu. Áhersla á samvinnu og að efla skapandi hugsun og athafnir.	Ýmis spunaverkefni þar sem áherslan er á að þjálfva nemendur í að beita reglum í spunaleik.
Nóvember – desember		
6 tímar	Spunavinna. Áhersla á samvinnu og að efla skapandi hugsun og athafnir.	<b>Í lok vorannar verður foreldrum boðið á leiklistar/leikjakvöld með bekknum og kennara.</b>

### Námsmat við lok grunnskóla

<b>A</b>	Nemandi sýnir frumkvæði og þor í vinnunni. Vinnur vel með öðrum, hlustar og kemur hugmyndum sínum á framfæri af virðingu. Ber virðingu fyrir skólastofunni og gengur vel um leikmuni og búninga. Getur beitt mjög vel viðeigandi aðferðum og tækni. Getur beitt markvisst orðaforða og hugtökum í leiklist. Fer eftir fyrir mælum kennara en sýnir um leið sjálfstæð vinnubrögð.
<b>B</b>	Nemandi sýnir að mestu frumkvæði og þor í vinnunni. vinnur yfirleitt vel með öðrum, hlustar og reynir að koma hugmyndum sínum á framfæri af virðingu. Ber virðingu fyrir skólastofunni og gengur að mestu vel um leikmuni og búninga. Getur beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Getur beitt orðaforða og hugtökum í leiklist. Fer eftir fyrir mælum kennara.
<b>C</b>	Nemandi sýnir eitthvert frumkvæði og þor í vinnunni. Reynir að vinna vel með öðrum, hlusta og koma hugmyndum sínum á framfæri. Gengur nokkuð vel um skólastofunni og gengur þokkalega vel um leikmuni og búninga. Getur beitt viðeigandi aðferðum og tækni á nokkurn hátt. Getur beitt að vissu marki orðaforða og hugtökum í leiklist. Reynir að fara eftir fyrir mælum kennara.

*Birt með fyrirvara um breytingar*

## Námsáætlun | Myndmennt | veturinn 2020-2021

### 8. bekkur – 2 klukkustundir á viku, hálfan veturinn

**Kennarar: Gunnhildur Ólafsdóttir og Sesselja Tómasdóttir**

#### Helstu markmið

Hæfniviðmið í myndmennt er að finna í skólanámskrá Hagaskóla og eru í samræmi við Aðalnámskrá. Til að ná þeim, vinna nemendur á hefðbundinn hátt í myndmenntanámi með áherslu á hugmyndavinnu, verklega útfærslu og frágang. Umræða og rýni eins og kostur er.

#### Námsmat

Í myndmennt er námsmat í bókstöfum, byggt á hugmyndavinnu, frumkvæði, þróun og verkefnalausnir nemanda.

Verkefni	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
<p><b>Mappa</b> - Nafn og bekkur Áhersla á leturgerð á persónulegan hátt. A1-karton, teikni/lita áhöld.</p>	Velja/hanna leturgerð sem hæfir möppu og eigin tilfinningu.	Lokaafurð og vinnuferli, hæfni við vinnu frá hugmynd að lokaútfærslu Frumkvæði, vandvirkni og útfærsla.
<p><b>Sjálfsmynd</b> í anda Andy Warhol, kynning á listamanninum eða skuggamynd þar sem teiknað áhugamál nemanda í bakgrunn.</p>	Nemendur taka sv/hv ljósmynd af sér og vinna sérstaklega sem grunnmynd fyrir málun, prenta út á A3. Ef skuggamynd valin, nota A3 karton teikn. e. lýsingu.	Þjálfun og hæfni í litablöndun. Hugmyndaauðgi og vinnuferli að myndlok. Einbeiting og vandvirkni í vinnuferli og frágangi.
<p><b>Litafræði</b> - 12 litahringur, frumlitir, svartur og hvítur þekjulitir</p>	Blanda frumliti í miðliti, hjáliti, dekkja og lýsa o.fl. rannsóknir og uppgötvanir.	Þolinmæði, hugmyndaflug með mismunandi efni og þrívíddarhugsun þjálfuð. Lausnir í verkefnavali og læsi nemanda á umhverfi.
<p><b>Flettibók</b> - Sumardraumur (náttúra, fuglar, ferðir) A2 karton, skorið langs í tvennt. klippimyndir, teikna með blýanti, lita með trélitum eða tússlitum.</p>	Hugmyndavinnu, hvað sáum við og upplifðum í sumar t,d, á ferð um land eða í nærumhverfi okkar. Flettibók unnin.	Málverk? Frumkvæði, ímyndunarafli, þolinmæði, sköpun, vandvirkni
<p><b>Stækkun</b> - Teikna í hlutföllum 1:10, velja myndverk úr bók úr safninu og stækka (A2) með hjálparlínunum 1:10.</p>	Rúðustrika 1 cm minni mynd, 10 cm rúðurá A2 blað og teikna í réttum hlutföllum. Mála með þekjulitum. Hugmyndavinnu, skissugerð, litaval og úrvinnsla. Fígúrir mótaðar og málaðar.	<b>Lykilhæfni</b>
<p><b>Pappamassagerð</b> - vinna í pappmassa fígúru sem þeir hengja á vegg. Mótað með dagblöðum, silkipappir, formað með vír og skorinn út pappír</p>		
<p><b>Auka:</b> <b>Leiðin að heiman</b> í skólann. Hvað ber fyrir augu, lesa umhverfið, stór atriði sem smá. Rannsóknarvinna.</p>	Skissa hugmyndir um það sem grípur augað á leiðinni. Vinna á stærra blað t.d. A3. frjáls miðill, blönduð tækni.	

<b>Glæra á glugga</b> , teikna í gegn, tússteikning í gegnum plastið	Lita, eða varpa upp á vegg, teikna, mála, að hluta til eða allt.	
<b>Áferðateikning</b> , draga í gegn mismunandi áferðir með blýanti, leita um skólann og nánasta umhverfi.	Vinna síðan teikningu á blaðið, form, andlit eða annað sem birtist.	

*Birt með fyrirvara um breytingar*

## Námsáætlun | Textílmennt | veturinn 2020-2021

8. bekkur – 2 klukkustundir á viku, hálfan veturinn

Kennarar: Brynja Emilsdóttir og Guðrún Lárusdóttir

Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Útsaumur	Virknimat kennara, hugmyndavinna, þátttaka, sjálfstæði og frumkvæði nemenda	Að nemandi ... - geti nýtt hugmyndir úr vettvangsferð til að skapa munstur. - geti beitt útsaumsnál á efni, teiknað með nálinni.
Vélsaumur		- kunni á saumavél og geti nýtt sér tækni vélarinnar á sjálfstæðan hátt.
Textíl litun		- kynnist hinum ýmsu litunaraðferðum sem nota má í textílmennt.
Textílprykk		- kynnist hinum ýmsu þrykkaðferðum sem nota má í textílmennt. Nemandi geti þrykkt á efni.
Endurnýting		- tileinki sér endurnýtingu og geri flík eða fylgihlut með endurnýtingu að leiðarljósi.  <b>Lykilhæfni</b> - sé sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum - nýti hæfni sína í að vera virkur og bera samfélagslega ábyrgð - beiti skapandi hugsun og mótun viðfangsefna á skapandi hátt - sé óhræddur við að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á skapandi hátt og séð í þeim möguleika - geri sér grein fyrir styrkleikum sínum - geti tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram - geri sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt



## Námsáætlun | Tónlist | veturinn 2020-2021

### 8. bekkur - 1 klukkustund á viku, hálfan veturinn

**Kennarar: Benedikt H. Hermannsson og Þórunn Dögg Björnsdóttir**

*Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.*

*Aðalnámskrá grunnskóla*

#### Almennt / Verklag

Allir nemendur í 8. bekk koma í hálfum bekkjum í tónlistartíma yfir allan veturinn. Tónlistarsköpun verður meginviðfangsefni hópanna. Unnið verður markvisst að því að kynna sköpunarferlinu og læra að vera meðvitaður um það á meðan vinnan fer fram. Í tímunum fá nemendur kynningar á ýmsum menningarkimur í fortíð og í nútímanum sem svo er tengt þeirra eigin tónlistarsköpun. Að því loknu skoðar hver hópur hvaða málefni dagsins dag er hægt að vinna lið með því að semja tónlist og breyta með því sínu eigin samfélagi til hins betra. Á sama hátt verður unnið með kvikmyndatónlist, samspil sjálfs og aukasjálfs í tónlist, að segja sögur í gegnum tónlist, auk þess sem rýnt verður í tónlist fjöldamargra listamanna á borð við Aldous Harding, Ninu Simone, Tyler the creator, Moondog, Steve Reich o.fl. Einnig verður farið fræðilega í sköpunarferlið, bæði hugtök sem kunna þarf skil á til að skilja ólíka þætti ferlisins, sem og verklega þar sem ólíkum aðferðum við hugmyndavinnu er beitt, ólíkar aðferðir við að framkvæma hugmynd eru skoðaðar og eins rannsakað hvernig lokatakmark sköpunarinnar hefur áhrif á allt ferlið.

Markmið tónlistartímanna er að skapa grundvöll fyrir tónlistarsamfélag í Hagaskóla. Í nýrri tónlistarstofu eru aðstæður fyrir stúdíoupptökur og hljómsveitaræfingar og þaðan er hægt að gefa út tónlist, myndbönd, útvarpsþætti og halda tónleika.

#### Yfirferð

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Verkefni og námsmat
<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- greint, valið og notað hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun</li> <li>- tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, s.s. kórsöng eða samspili sjálfum sér og öðrum til ánægju,</li> <li>- notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og / eða hljóðverk,</li> <li>- tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út</li> <li>frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði,</li> <li>- greint, útskýrt og endurskoðað eigin sköpunarverk og samnemenda í tónlist af sanngirni og virðingu,</li> <li>- geta rökstutt skoðun sína á tónlist út frá eigin smekk og fagurfræði,</li> <li>- staðið með eigin tónsköpun eða tónlistarvali og rökstutt val sitt,</li> <li>- greint og útskýrt ólík tón- listarstílbrigði, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónu- leg, sögulegt og menningar- legi samhengi.</li> <li>- notað umhverfishljóð sem efnivið og geti á skapandi hátt nýtt þau í tónsköpun s.s í tónverkum og hljóðinnsetningum.</li> </ul>	<p>Fyrirlestrar, umræður, tónlistarsköpun í hóp.</p>	<p>Símat, jafningjamat, ástundun.</p>

*Birt með fyrirvara um breytingar*